

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 9. júlí 2023

EFNI: Umsögn um reglugerð um miðlægan gagnagrunn lyfjakorta

Lyfsalahópur Félags atvinnurekenda (hér eftir „hópurinn“) hefur tekið til umsagnar reglugerð um miðlægan gagnagrunn lyfjakorta sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 12. júní sl. Athugasemdir hópsins eru eftirfarandi:

7. gr.

„Við útskrift af sjúkrahúsi skal stofna eða uppfæra miðlægt lyfjakort einstaklings. Ætíð skal uppfæra miðlægt lyfjakort eftir útskrift af bráðamóttöku hafi það þegar verið stofnað.“

Hópurinn vill vekja athygli á mikilvægi þess að skýrt komi fram á lyfjakorti hvaða breytingar hafi átt sér stað frá útgáfu lyfjakorts svo lyfsalar þurfi ekki að bera lyfjakort saman við fyrri útgáfur.

8. gr.

„Útgefandi lyfjaávisunar skal flokka lyf í eftirfarandi flokka:

- Föst lyf, þ.m.t. lyf í skömmtun.
- Lyf sem notuð eru eftir þörfum (þ.n. lyf)
- Kúrar (lyf sem er ávísað til notkunar í ákveðinn tíma)
- Lyf sem gefin eru á dag- og göngudeildum heilbrigðisstofnana.**

Hópurinn leggur til að 4. flokkur taki einnig til lyfjagjafa í apótekum eins og þegar fíklum eru afhentir skammtur til eins dags af ávana- og fíknilyfjum. Það ætti einnig við bólusetningar í apótekum.

3. mgr. 10. gr.

„Heilbrigðisstarfsmenn sem koma að lyfjameðferð einstaklings skulu hafa aðgang að miðlægu lyfjakorti hans, undir þetta falla einnig heilbrigðisstarfsmenn sem undirbúa útgáfu lyfjaávisunar sem læknir gefur út. Heilbrigðisstarfsmanni ber að hafa lyfjakort til hliðsjónar þegar einstaklingur er til meðferðar.“

Hópurinn telur æskilegt að heimild sé til að veita undanþágur þannig að þjálfað starfsfólk sem ekki hefur heilbrigðismenntun geti fengið aðgang að miðlægu lyfjakorti, svo sem þegar enginn heilbrigðismenntaður starfsmaður er við eins og getur komið fyrir á landsbyggðinni.

11. gr.

„Embætti landlæknis hefur heimild til að tengja miðlægan gagnagrunn lyfjakorta við aðra gagnagrunna eða stoðskrár sem geyma eða veita upplýsingar um lyf eða meðferð sjúklings t.d. sjúkrarskrárkerfi,

sjúkratryggingastofnunarinnar er varðar lyfjagreiðslukerfi og útgáfu lyfjaskírteina, birgðastöðukerfi Lyfjastofnunar, sérlyfjaskrá, og viðmiðunarverðskrá Lyfjastofnunar.“

Hópurinn telur rétt að kveðið verði á um *skyldu* Landlæknis til að tengja miðlægan gagnagrunn við kerfi sjúkratryggingastofnunarinnar en ekki heimild. Að öðrum kosti er erfitt fyrir lækna að átta sig á hvaða lyf eru með greiðsluþátttöku. Hópurinn leggur til að „birgðastöðukerfi Lyfjastofnunar“ verði tekið út enda ekki til.

Virðingarfyllst,
f.h. lyfsalahóps FA



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur